

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 20. júní 1986

um breytingu á tilskipun ráðsins 66/402/EBE um markaðssetningu sáðkorns

(86/320/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,  
með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní  
1966 um markaðssetningu sáðkorns <sup>(1)</sup>, eins og henni var  
síðast breytt með tilskipun 86/155/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 2. gr.  
(1a) og 21. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í ljósi aukinnar þekkingar á sviði tækni og vísinda varðandi  
blendingana sem verða til við víxlæxlun tegunda sem fjall-

að er um í tilskipun 66/402/EBE ættu blendingar sem verða  
til við víxlæxlun *Sorghum bicolor* og *Sorghum sudanense*  
að heyra undir gildissvið tilskipunarinnar vegna aukins  
mikilvægis þeirra í bandalaginu.

Í ljósi aukinnar þekkingar á sviði tækni og vísinda ber að  
breyta I. viðauka við áður nefnda tilskipun til að aðlaga  
skilyrðin sem uppfylla verður við ræktun *Sorghum*-tegunda.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í tilskipun þessari eru  
í samræmi við álit fastanefndar um fræ og fjölgunarefni í  
landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 66/402/EBE:

1. Við A-hluta 1. mgr. 2. gr. bætist eftirfarandi:

„Þessi skilgreining á einnig við um eftirfarandi blendinga sem verða til við víxlæxlun tegunda sem  
um getur hér að ofan.

*Sorghum bicolor* (L.) Moench × Blendingar sem verða til við víxlæxlun *Sorghum*  
*Sorghum sudanense* (Piper) Stapf. *hum* og súdangrass.

Um sáðkorn áður nefndra blendinga skulu gilda sömu staðlar eða önnur skilyrði og um sáðkorn  
sérhverrar tegundar sem þau eru ræktuð af, nema annað sé tilgreint.“

2. Í b-lið C-hluta 3. mgr. I. viðauka komi orðin „frá blendingum“ á eftir orðinu „stofnsáðkorn“.

3. Eftirfarandi bætist við C-hluta 3. mgr. I. viðauka:

„c) ræktun afbrigða með frjálstri frævun eða ný afbrigði af *Sorghum* spp. skulu vera í samræmi  
við eftirfarandi staðla: Fjöldi jurta af tegund ræktunarinnar sem greinilega samsvara ekki  
afbrigðinu má ekki vera meiri en:

— einn á 30 m<sup>2</sup> við ræktun stofnsáðkorns,

— einn á 10 m<sup>2</sup> við ræktun vottaðs sáðkorns.“

2. gr.

Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 1. júlí 1987, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun  
þessari. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. júní 1986.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Frans ANDRIESEN

varaforseti.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2308/66.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 118, 7. 5. 1986, bls. 23.